

Umsögn frá Arkitektafélagi Íslands, barst Skipulagsstofnun með tölvupósti 8. janúar 2021.

Arkitektafélag Íslands (AÍ) fagnar áherslum á loftslag, landslag og lýðheilsu í skipulags og mannvirkjagerð í viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 en gerir hér með nokkrar athugasemdir við tillöguna.

Athugasemd AÍ lýtur aðallega að húsnæðismálum í þéttbýli og þá sérstaklega það að stefnu er varðar höfuðborgina og höfuðborgarsvæðið, þar sem þorri landsmanna býr, skortir.

Fram kemur í inngangi viðaukans að ekki eigi að endurskoða kafla 1-4 í gildandi landsskipulagsstefnu, fyrir utan viðbætur við 4. kafla og nýja kafla 5-7 við gildandi landsskipulagsstefnu. Kafli 3

Búsetumynstur og dreifing byggðar í gildandi landsskipulagsstefnu er sá kafli sem mest tekur til þéttbýlis- og húsnæðismála. Einnig er komið inn á húsnæði í kafla 7. AÍ leggur til heildstæða endurskoðun á kafla 3 en leggur í þessari umsögn til nokkrar viðbætur við kafla 7. Auk þess leggur AÍ til að sérstökum kafla um höfuðborgarsvæðið verði bætt við viðaukann. Með því hvetur AÍ Skipulagsstofnun til áframhaldandi góðra verka og undirstrikar þörfina á skýrari stefnumörkun um höfuðborg Íslands. Í skipulagslegu, landslagslegu, lýðuheilsulegu og samfélagslegu samhengi er mikilvægt að hlutverk höfuðborgar og höfuðborgarsvæðis verði skilgreint enn frekar í stefnumiðum landsskipulagsstefnu svo hægt sé að ávarpa kröfur, væntingar og ábyrgð á þann hátt sem gert er í nágrannalöndum okkar. Lagasetning þar að lútandi er ætti einnig að taka til skoðunar þótt frumkvæði þess þurfi að eiga sér stað utan Skipulagsstofnunar. AÍ fagnar einnig stefnumiðum tillögunnar um hönnun mannvirkja í landslagi og leggur til viðbætur við þann kafla.

6.2 LANDSLAGSHÖNNUN OG MANNVIRKI Í LANDSLAGI

6.2.4 Hönnun mannvirkja í landslagi

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði vandað til staðarvals og hönnunarmannvirkja, jafnt í þéttbýli og í opnu landi með tilliti til staðbundinnagæða sem felast í landslagi. Hönnun mannvirkja taki mið af landslagi, kennileitum, sjónlínunum, útsýni og þeirri byggð sem fyrir er. Sérstaklega verði vandað til hönnunar bygginga og annarra mannvirkja sem mynda ný kennileiti.

Tillaga AÍ að viðbótum við kafla 6.2.4.

6.2.4 Hönnun mannvirkja í landslagi Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði vandað til staðarvals og hönnunar mannvirkja, hvort heldur stórra eða smárra, jafnt í þéttbýli og í opnu landi og með tilliti til staðbundinna gæða sem felast í landslagi. Hönnun allra mannvirkja taki mið af landslagi, kennileitum, sjónlínunum, útsýni og þeirri byggð, sögu og menningarlandslagi sem fyrir er. Sérstaklega verði vandað til hönnunar bygginga og annarra mannvirkja sem mynda ný kennileiti. Við mannvirkjagerð í opnu landi sé hugað að heildum og samhengi og því hvernig manngert inngrip í náttúrulegu landslagi getur stuðlað að náttúruvernd.

AÍ leggur til viðbætur í kafla 7.3 og að hlutverk húsnæðis m.t.t. lýðheilsu verði ávarpað á skýrari hátt en gert er í kaflanum.

7.3 FJÖLBREYTT HÚSNÆÐI SEM MÆTIR ÞÖRFUM ÓLÍKRA HÓPA

Skipulag skapi umgjörð fyrir uppbyggingu vandaðs íbúðarhúsnæðis sem mætir þörfum ólíkra aldurs- og félagshópa. Skipulagsgerð sveitarfélaga:

7.3.1 Fjölbreytt og vel staðsett íbúðarhúsnæði

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði stuðlað að því að uppbygging íbúðarhúsnæðis svari þörfum miðað við lýðfræðilega þróun. Skýr tengsl verði á milli greiningar og stefnu í skipulagsáætlunum og húsnæðisáætlunum viðkomandi sveitarfélags. Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði jafnframt miðað

að því að innan hvernar byggðarheildar sé fjölbreytt og vel staðsett íbúðarhúsnæði, í samræmi við skipulagshugmyndir um 20 mínútna bæinn.

Tilmæli A1 að viðbót við kafla 7.3.1:

Til þess að tryggja félagslega fjölbreytni, góða endingu húsnæðiskosts, sjálfbærni og umhverfisvernd, verði í stefnugerð ríkis og sveitarfélaga og í skipulagsgerð, stuðlað að því að tryggja gæði nýrra íbúða fyrir alla tekjuhópa. Litið verði til rýmisþarfarar við daglegar athafnir, birtuskilyrða, sólarljóss, hljóð- og loftgæða og vandaðrar efnisnotkunar. Horft verði til gæða leik- og dvalarsvæða lóða ásamt góðum og öruggum tengingum við næsta umhverfi.

Einnig bendir A1 á að í tengslum við tillögu um endurskoðun laga og reglugerða skipulagsmála, væri vert að huga að frekari leiðum í skipulagsgerð til að tryggja fjölbreytt húsnæði fyrir alla tekjuhópa. Sem dæmi gæti sveitarfélögum yfir skilgreindri stærð, verið gert skylt að útvega ákveðið hlutfall íbúðarhúsnæðis fyrir lægstu tekjuhópa og um leið hugað að gæðum íbúðanna. Sveitarfélögum yfir ákveðinni stærð gæti einnig verið gert skylt að úthluta ákveðnu hlutfalli nýskipulagðrar íbúðabyggingar til byggingar leigu- eða búseturéttaríbúða til óhagnaðardrífina húsnæðisfélaga.

7.3.2 Vandað íbúðarhúsnæði

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði stuðlað að gæðum íbúðarhúsnæðis, svo sem hvað varðar byggingarlist, birtu, hljóðvist og útirými.

Tilmæli A1 varðandi kafla 7.3.2. lúta að því að skoðuð verði betur efnistöð og áherslur. . Til að mynda. út frá eftirfarandi:

Hugtakið gæða þarf að koma til umfjöllunar á fyrstu stigum skipulags og þróunar, með áherslu á að framtíð samfélags og náttúru beri ekki skaða af og að meðvitund kynslóða um efnisnotkun, staðarval, staðaranda verði vakin og eflað. Skoða þarf hugtakið gæði sérstaklega í samhengi við hönnun húsnæðis. Hér er fyrst og síðast átt við góða endingu og umhverfisvæna hönnun sem tekur mið af hagkvæmni í hvívetna.

Um leið leggur A1 til að Skipulagsstofnun hvetji til endurskoðunar hugtakaskilgreiningar í byggingarreglugerð en árið 2010 var hún tekin til gagnarrar endurskoðunar þar sem að A1 m.a gagnrýndi (harðlega) algjört brotthvarf gæðahugtaka og gæða skilgreiningar.

Að lokum:

Lögð er til endurskoðun laga og reglugerða skipulagsmála og umhverfismats í tillögu að viðauka við Landsskipulag. Arkitektafélag Íslands tekur undir nauðsyn endurskoðunar og beinir þeim tilmælum til þeirra ráðuneyta og stofnana sem hlut eiga að máli að arkitektar séu hafðir með í ráðum við sjálfa endurskoðunina og komi að vinnslu mála, allt frá stefnumótun til samþykkis og framkvæmda, enda heyri skipulag og mannvirkjagerð undir sérfræðipækingu arkitekta.

Fram kemur á bls. 65 í kafla um Yfirlit yfir stefnu stjórnvalda. Helstu áætlanir stjórnvalda sem varða skipulagsmál að á málefna sviði félagsmálaráðuneytis sé aðeins Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017-2021 (Alþingi, 2017). Undir ráðuneytið heyrir einnig stefnumótun og lagagerð um almennar íbúðir og hlutdeildarlán sem ætti að koma fram á listanum um helstu áætlanir og endurspeglast í viðauka við Landsskipulag 2015-2026.

Arkitektafélag Íslands er tilbúið til að eiga frekara samráð og samstarf við Skipulagsstofnun og Umhverfisráðuneyti um málefni sem varða skipulags- og húsnæðismál.

F.h. Arkitektafélags Íslands,
Anna María Bogadóttir

Borghildur Sölvey Sturludóttir
Hildur Gunnarsdóttir